

Mál nr. 36/2006

M og

Vátryggingafélagið V h.f. v Aog B

Umferðaróhapp á Vesturlandsvegi á móts við Laxfoss þ. 19.1.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.2.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 123/06
3. Lögregluskýrsla dags. 19.1.2006 og ljósmyndir
4. Bréf V dags. 6.3.2006.
5. Ódagsett óundirritað bréf ökumanns B

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu segir að aðstæður hafi verið þannig á vettvangi að snóþekja hafi verið yfir veginum og hálka og nokkur snjór í köntum vegarins. Þá segir að af förum að dæma hafi A verið ekið norður Vesturlandsveg og síðan út af hægra megin en A er flutningabíll með festivagn. Þar sem að A byrjar að fara út af veginum skv. förum hafði bifreiðinni verið ekið um nokkuð blinda hægri beygju á Vesturlandsveginum. Ökumaður A segir að hann hafi ætlað að aka út í hægri kant til að komast hjá því að lenda á B sem kom á móti en þar sem að B hafi verið það innarlega á veginum þá hafi hann farið of langt út í kantinn hægra megin og lent utan vegar. Ökumaður A segist hafa ekið á um 60-70 km. hraða þegar óhappið varð. Ökumaður B segist skyndilega hafa séð A koma á móti sér og hafi hann ekki haft mikinn tíma til að bregðast við en farið út í hægri kant og vikið eins og hægt var miðað við aðstæður en telur að A hafi ekið of hratt miðað við aðstæður. Í lögregluskýrslu segir að þegar hægri kantur vegarins var skoðaður miðað við akstursstefnu B hafi komið í ljós að engri bifreið hafi verið ekið út í kant vegarins nýlega áður en óhappið átti sér stað og ystu för á veginum í snjónum voru rúmlega meter frá kanti vegarins þ.e. rúmlega meter frá þeim stað á kanti vegarins sem óhætt og nauðsynlegt geti talist að víkja við mætingu á stórri bifreið.

Álit.

Fram kemur í lögregluskýrslu að B hafi ekki vikið nægjanlega í umrætt sinn og hafi A orðið að víkja snögglega til hægri til að koma í veg fyrir árekstur bifreiðanna með þeim afleiðingum að A lenti út af veginum hægra megin. Samkvæmt lögregluskýrslu bendir allt til þess að ökumaður B hafi ekki haldið bifreið sinni nægjanlega til hægri í umrætt sinn og ekki vikið með eðlilegum hætti þegar A kom á móti B og með því aksturslagi valdið því tjóni sem um ræðir í máli þessu. Ökumaður B ber því alla sök.

Niðurstaða.

B ber alla sök.

Reykjavík. 14.3.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.